



FÉLAG UMHVERFISFRÆÐINGA
Á ÍSLANDI



SKÝRSLA STJÓRNAR
FÉLAGS UMHVERFISFRÆÐINGA Á ÍSLANDI
2018-2019

OKTÓBER 2019

Inngangur

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi hefur nú verið starfrækt í tólf ár. Starfsemi félagsins snýst um að stuðla að tengslamyndun félagsmanna og styðja við fræðslu og umræðu um umhverfismál í samfélaginu. Þessu nær félagið fram með fjölbreyttum viðburðum.

Á starfsárinu hafa bæst við þrír meðlimir og tveir félagar sögðu sig úr félaginu. Á lista yfir félagsmenn eru nú 116 skráðir, þar af 28 með nemaaðild.

Stjórn félagsins

Aðalfundur félagsins 2018 var haldinn í Petersen svítunni í Gamla bíó þann 25. október 2018. Í stjórn voru kosin Birgitta Stefánsdóttir, Ingunn Gunnarsdóttir og Steinar Kaldal. Í stjórn frá síðustu kosningum voru Ragnhildur Freysteinsdóttir og Tinna Eiríksdóttir. Í varastjórn voru kosin Anna Margrét Kornelíusdóttir og Egill Skúlason.

Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og er Steinar Kaldal formaður, Birgitta Stefánsdóttir gjaldkeri, Ragnhildur Freysteinsdóttir ritari og Ingunn Gunnarsdóttir og Tinna Eiríksdóttir meðstjórnendur.

Stjórn félagsins hélt fjóra stjórnarfundi á starfsárinu; 6. febrúar, 21. maí, 28. ágúst og 7. október. Auk þess voru stjórnarmenn í miklum samskiptum á fésbókarsíðu stjórnar félagsins. Varamenn eru boðaðir á alla stjórnarfundi.

Fjármál félagsins

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi stendur vel fjárhagslega, eins og sjá má í ársreikningi félagsins. Félagsgjöld hafa verið óbreytt í nokkur ár, kr. 3.000. Innheimta félagsgjalda hefur gengið vel, en krafa félagsgjalda var stofnuð í júní 2019 og eru enn 22 ógreidd félagsgjöld í lok fjárhagsárs. (31. ágúst 2019). Eigið fé í lok fjárhagsárs var 1.527.145 krónur.

Endurskoðendur reikninga fjárhagsárs 2018-2019 eru Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Ragnhildur Helga Jónsdóttir.

Starfsemi félagsins á starfsárinu

Nefndir

Ein nefnd starfar nú innan félagsins – Námsnefnd. Í henni sitja Salome Hallfreðsdóttir, Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir og Vanda Úlfrún Liv Hellsing. Verkefni nefndarinnar er að yfirfara umsóknir um félagsaðild samkvæmt samþykktum verklagsreglum og var þeim umsóknum um aðild sem bárust félaginu vísað til námsnefndar.

Atburðir á vegum félagsins á starfsárinu

- 29. nóvember: Jólaglögg og jólahugvekja, haldin í Iðnó. Ragnhildur Freysteinsdóttir fjallaði um umhverfishliðar jólatrjáa og Stefán Gíslason flutti hugvekju um neysluhyggju, hagvöxt og velsæld, í ljósi neyslu í kringum jólin.
- 21. mars: Örkynningar FUMÍ á Loft Hostel. Félagar í FUMÍ kynntu umhverfistengd verkefni sem þeir vinna að.
- 2. maí: Málþing um orkustefnu fyrir Ísland. Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður starfshóps um orkustefnu og Páll Erland hjá Samorku fluttu erindi og svo voru pallborðsumræður með Auði

Önnu Magnúsdóttur frá Landvernd, Einari Snorra Einarssyni frá Landsneti, Guðrúnu Höllu Finnsdóttur frá Norðurál, Guðjóni Bragasyni frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hólmfríði Sigurðardóttur frá Orkuveitu Reykjavíkur og Þorgerði Maríu Þorbjarnardóttur frá Ungum umhverfissinum. Fundarstjóri var Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Grænni byggðar.

- 19. september: FUMÍ fer á kaffihús. Upprunaleg stóð til að fara í fjallgöngu á Móskaðshnúka en vegna veðurs var því breytt í kaffihúsaferð og samkomu.

Samfélagsmiðlar

Félagið hefur vefsíðu, www.fumi.is, sem inniheldur almennar upplýsingar um félagið og starf þess. Upplýsingum um viðburði er miðlað til félagsmanna í gegnum tölvupóst félagsins og fésbókarsíðu þess. Einnig hefur verið miðlað þar upplýsingum um viðburði tengda umhverfismálum á vegum annarra aðila. Stjórnarmenn hafa skipst á að sinna umsjón með tölvupósti og fésbókarsíðu.

Lokaorð

Stjórn Félags umhverfisfræðinga hefur lagt áherslu á að bjóða upp á fjölbreytta viðburði, bæði smærri eins og örkynningarnar og stærri eins og málþingið um orkustefnu. Umhverfismál eru víðfeðmur málaflokkur og því úr mörgu að velja fyrir viðburði á vegum félagsins.

Stjórn Félags umhverfisfræðinga vill þakka félagsmönnum og öðrum kærlega fyrir góð samskipti á starfsárinu og eru sérstakar þakkir færðar þeim aðilum sem lögðu viðburðum félagsins lið og þeim sem mættu á þá.